

Fundargerð

Hópur: Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla – fimmti fundur.

Starfsmaður: Ásgeir Björgvinsson skóla – og frístundasviði sem ritaði fundargerð.

Fundardagur: 19. október 2011

Tími: 08:30-10:30

Fundarstaður: Korpuskóli

Verkefni og markmið fundar:

- Forgangsröðun verkefna út frá hagsmuna – og áhættugreiningu seinustu funda.

Þetta gerðist:

1. Hagsmuna – og áhættugreiningu seinustu tveggja funda var dreift til fulltrúanna og svo var hópnum skipt upp í minni hópa. Hver hópur forgangsraðaði þeim verkefnum sem framundan eru í sameiningarferlinu. Hver hópur kynnti svo sínar niðurstöður fyrir hinum og rætt var um forgangsröðunina.

Í tengslum við kynningarnar sköpuðust m.a. eftirfarandi umræður:

- Upplýsingum þyrfti að koma enn betur til skila til foreldrasamfélagsins um hvað verið sé að gera í stýrihópnum.
- Fljótlega þyrfti að gera könnun á því hvernig nemendur og foreldrar hefðu upplifað flutning unglingsdeildar úr Korpuskóla í Víkurskóla.
- Rætt var um hvort eitt eða tvö foreldrafélög ættu að vera í sameinuðum skóla.
- Margir voru þeirrar skoðunar að halda ætti nafnasamkeppni um nafn hins nýja skóla sem fyrst.
- Mikilvægt væri að gera stöðumat á árinu 2013, þ.e. eftir fyrsta skólaár hins nýja skóla.
- Passa þyrfti sérstaklega upp á að starfsmannahópar beggja skóla væru jafn virkir í sameiningarvinnunni.
- Snemma þyrfti að vinna að samræmingu námsmatsaðferða skólanna.

- Mikilvægt væri að fjárlagarammi hins nýja skóla lægi fyrir sem fyrst, t.d. hvort peningar fáist í hópeflisverkefni og aðlögunarverkefni.
- Sem fyrst þyrfti að halda nemendabing fyrir alla nemendur hins nýja skóla og að þingið gæti t.d. farið fram í Gufunesbæ.

Niðurstöður úr vinnu fundarins munu birtast í verk- og tímaáætlun fyrir sameiningarverkefnið. Sú áætlun verður gerð aðgengileg á vefsvæði hópsins.

Eftirtaldir ákvarðanir voru teknar:

- Ákveðið að næsti fundur verði föstudaginn 4. nóvember kl. 14. 30 í Víkurskóla.
- Á fundinum verður betur farið í forgangsörðun verkefna, verk – og tímaáætlun fullunnin og ábyrgð á verkefnum skilgreind.

Fundi slitið kl. 10.30.

Viðstaddir:

Frá Korpuskóla

Margrét Einarsdóttir skólastjóri
Björg Ársælsdóttir fulltrúi starfsfólks
Laufey Einarsdóttir fulltrúi starfsfólks
Olga B. Gísladóttir fulltrúi foreldra

Frá Víkurskóla

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri
Brynja Sigurðardóttir fulltrúi starfsfólks
Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi foreldra
Rósa Hjartardóttir fulltrúi foreldra

Frá þjónustumiðstöðinni Miðgarður

Helgi Viborg deildarstjóri

Frá Skóla – og frístundasviði

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi